

Þingskjal 39 - 39 mál.

Stjórn FAAS (Félag aðstandenda Alzheimersjúkra á Íslandi) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdom við "**Tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins**".

Vakin er athygli á því að nauðsynlegt er að setja inn í framkvæmdaáætlunina stefnu um heilabilun (Demencia). Í flest öllum löndum í kring um okkur og við viljum bera okkur saman við þegar kemur að heilbrigðismálum er komin ákveðin stefna um heilabilun. Þetta er gert til að skilgreina markvisst þarfir sjúklinga, þjónustu sem þeim stendur til boða (eða á að standa til boða), hvar í kerfinu hver þjónustupáttur er til staðar og hver ber ábyrgð á hverju.

Í dag er svona stefna ekki til á Íslandi og eina skilgreiningin um heilabilun sem til er á prenti segir að afleiðingar heilabilunar tilheyri öldrunarþjónustu. Staðreyndin er sú að heilabilun hefur komið fram í fólki á aldri niður undir fertugt og má þar af leiðandi ekki setja heilabilun undir öldrunarþjónustu. Yngra fólk sem upplifir heilabilun þarf sérhæfða þjónustu og úrræði og á ekki heima t.d. inni á hjúkrunarheimilum með öldruðum einstaklingum.

Þetta mál þarf nauðsynlega að endurskoða innan okkar heilbrigðiskerfis og því viljum við benda á nauðsyn þess að tillit verði tekið til þessa við vinnu á nýrri framkvæmdaáætlun heilbrigðismála.

Virðingarfyllt

Árni Sverrisson
Formaður

